

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 9. mars 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgír Thorlacius.

Nr. 142.

15. mars 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1979:

Fiskmjöl, § 7.15 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 143.

19. mars 1979.

REGLUGERÐ

um veiðar á sandsíli (ammodytidae).

1. gr.

Allar veiðar á sandsíli í botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m.a. ákveðið hámarksfjölda þeirra báta, sem veiðar stunda hverju sinni.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.